



FUNDARGERÐ BYGGINGANEFDAR BÚÐARSTÍGS 22

3. fundur bygginganefndar um framkvæmdir við Búðarstíg 22 á Eyrarbakka var haldinn þriðjudaginn 25. júní 2019 og hófst kl. 20,30. Fundurinn hófst í Búðarstíg 22 og var framhaldið í þjónustuhúsi Byggðasafns Árnesinga að Hafnarbrú 3 á Eyrarbakka. Mætt voru Árni Eiríksson, Eyþór H. Ólafsson, Eggert Valur Guðmundsson og Bryndís Eir Þorsteinsdóttir. Einnig var á fundinum Lýður Pálsson safnstjóri sem skrifaði fundargerð. Ennfremur sat fundinn undir 1. lið Grímur Jónsson verktaki. Fundargerðin var skráð í tölvu.

1. Staða framkvæmda. Gengið var um Búðarstíg 22 og framkvæmdir skoðaðar. Búið er að fjarlægja gamla vegginn sem stóð milli skemmunnar og eldri hluta hússins, búið að fjarlægja ryðgaðan álkant á þaki og skúr sem stóð á austurhlið. Verið er að setja upp nýjan vegg milli húshlutanna og gengur verkið vel. Skipt verður um þakplötur á eystri hlið miðbyggingar og settur nýr dúkur undir skotrennu. Búið er að setja upp nýja rafmagnstöflu fyrir húsið og til stendur að leggja nýja kaldavatnslögn. Hlé verður á framkvæmdum frá 11. júlí til miðs ágúst vegna sumarleyfa. Stefnt að verklokum í október. Samúel Smári Hreggviðsson tæknifræðingur er tæknilegur ráðgjafi framkvæmda og sér um að koma teikningum í gegnum bygginganefnd og brunaeftirlit. Fundarmenn ræddu ýmsar útfærslur á verkinu eins og hvort ekki megi loka gluggaopum þar sem æskilegt væri að hafa safngeymslur myrkvaðar.

2. Verksamningur. Kynntur var verksamningur ds. 15. maí milli Byggðasafns Árnesinga og GJverk ehf um framkvæmdir við Búðarstíg 22.

3. Fjárhagsleg staða. Eftir áætlun. Safnstjóri mun upplýsa bygginganefnd um fjárhagslega stöðu eftir hver mánaðarmót.

4. Rýmisnýting. Safnstjóra falið að setja fram hugmyndir um rýmisnýtingu á öllu húsinu.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin upp, undirrituð og fundi slitið kl. 21,45.

Ari Þórsson
Eyþór H. Ólafsson
Bryndís Eir Þorsteinsdóttir
Guðrún Þórsson
Bryndís Eir Þorsteinsdóttir